

Stjörnuegg hf. - alifuglabú

Vallá

116 Kjalarnes

Reykjavík, 25. nóvember 2019

UST201901-208/E.H.

08.12.02

Efni: Eftirlit 2019 - Stjörnuegg - Reglubundið eftirlit

Þann 4. október sl. fór fram eftirlit í Stjörnuegg ehf. á Vallá. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldri frávik.


Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

- Reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002. Grænt bókhald barst stofnuninni þann 5. júlí sl. en skila skal grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert. Fráviku er jafnframt lokað þar sem gögn hafa borist.

Virðingarfyllst



Einar Halldórsson



Frigg Thorlacius

Frigg Thorlacius

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkursvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjörnuegg Vallá, Kjalarsnesi



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	4.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Stjörnuegg	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlaciusr
Heimili	Vallá	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630191-1579	Flokkur	þauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Geir Gunnar Geirsson	ÍSAT nr.	01.47.2
Fulltrúi fyrirtækis	Kristín Geirsóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglundið eftirlit hjá eggjabúi Störnueggja ehf. að Vallá. Eitt frávik kom fram frá starfsleyfi er varðar skil á Grænu bókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirfarandi er umfang eftirlitsins:

Staða frávika:

1. Frávik grein 41 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma. Staðfest var í eftirlitinu að búið væri að setja árekstrarvörn við olíugeymi og er fráviku lokað.

2. Stofnunin hefur tekið málíð til nánari skoðunar, þ.e. þá kröfu sem sett fram er í starfsleyfisskilyrðum Stjörnueggja og í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vats af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Þar segir: „Við gripahús, þ.m.t. loðdýra-, svína- og alifuglabú, skulu vera vandaðar og þéttar hauggeymslur. Stærð hauggeymslu þarf að miða við að hægt sé að nýta hauginn sem áburð á skynsamlegan hátt þegar jörðin getur tekið við honum eða taka a. m. k. sex mánaða haug.“ Hauggeymslan sem notuð hefur verið er staðsett á Geldingaá en opnir gámar eru notaðir til að safna skítnum á búinu sem áður en skíturinn er færður í hauggeymsluna. Stofnunin telur að fyrirkomulag Stjörnueggja við notkun skítsins sem áburð, sé skynsamlegt, sbr. framangreint ákvæði og hefur fallið frá fráviku. Þó skal tekið fram að þó fallið sé frá fráviku núna, getur verið að krófurnar verði útfærðar á annan hátt þegar unnið verður að nýju starfsleyfi hjá stofnuninni en útgefin starfsleyfi skulu vera í samræmi við BAT.

3. Frávik frá grein 1.3. í gildandi deiliskipulagi er miðað við að starfsemin sé með um 50.000 varphænur. Starfsemin í dag er með 60.000 varphænur. Rekstraraðili óskað eftir álti Umhverfisstofnunar varðandi breytingu á starfsleyfi vegna hauggeymslu áður en ferli til breytingar á deiliskipulagi, mat á umhverfisáhrifum og umsókn um nýtt myndi fara fram. Stofnunin hefur svarað erindinu og óskar eftir uppfærslu á úrbótaáætlun.

Rætt var um viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda. Leiðbeiningar voru afhentar og farið yfir viðbragðsaðila en hringja skal í Neyðarlínuna 112 ef tilvik sem þarfast tafarlausra aðgerða koma upp. Neyðarlínan hefur kallað svo til viðeigandi viðbragðsaðila. Senda skal Umhverfisstofnun tilkynningu í kjölfarið á ust@ust.is.

Kynnt var nýtt áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Farið var yfir áhættumat til grundvallar á tíðni vettvangsferða fyrir þauleldi sem en öll starfsemi verður áhættumetin samhlíða vettvangsheimsóknum á árinu og niðurstöður notaðar til að ákvarða tíðni vettvangsferða á eftirlitsáætlun næsta árs.

Rætt var um fóðurgjöf á búinu en fóður kemur frá Þýskalandi og er blandað saman hér á landi.

Farið vettvangsferð um búið, engir gámar voru nú undir skíti þar sem nýbúið var að fara með tengivagna að Geldingaá. Ekki var tilefni til athugasemda.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002 Grænt bókhald barst stofnuninni þann 5. júlí sl. en skila skal grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert. Fráviku er jafnframt lokað þar sem gögnin hafa borist.

- 1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.11.2019


Einar Halldórrsson

bls. 4